

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLLINN Í EVRÓPU

ÞRIÐJA AÐALDEILD

MÁLID BJARKI H. DIEGO gegn ÍSLANDI

(Kæra nr. 30965/17)

DÓMUR

1. mgr. 6. gr. • Óhlutdrægur og sjálfstæður dómstóll • Sakfelling kæranda, sem var stjórnandi í banka, um brot sem tengdust falli banka • Tjón sem einn af fimm dómurum Hæstaréttar varð fyrir vegna falls þess banka og annars banka ekki nægilegt til þess að vekja efasemdir um hlutlæga óhlutdrægni hans • 1. mgr. 6. gr. (sakamálaþáttur) og a- og c-liðir 3. mgr. 6. gr. • Réttlát málsmeðferð • Hvort uppi var „sakargift“ á hendur kæranda á þeim tíma sem skýrsla var tekin af honum þar sem hann hafi þegar haft stöðu sakbornings • Misbrestur á því að upplýsa kæranda um sakargiftir á hendur honum og gefa honum kost á lögfræðiaðstoð við þá skýrslugjöf með tilliti meðal annars til rannsóknarinnar sem á endanum leiddi til ákæru á hendur honum og sakfellingar hans • Heildarsanngirni sakamáls spillt með óbætanlegum hætti

STRASBORG

15. mars 2022

ENDANLEG ÚTGÁFA

15. júní 2022

*Dómur þessi er endanlegur samkvæmt 2. mgr. 44. gr. mannréttindasáttmálans.
Texti hans kann að sæta ritstjórnarbreytingum.*

Í málinu Bjarki H. Diego gegn Íslandi,

kveður Mannréttindadómstóll Evrópu (þriðja aðaldeild), sem situr í deild skipaðri:

Georges Ravarani, *forseta*,
Robert Spano,
María Elósegui,
Darian Pavli,
Peeter Roosma,
Andreas Zünd,
Frédéric Krenc, *dómara*,

og Milan Blaško, *deildarritara*,

að hafði hliðsjón af:

kæru (nr. 30965/17), sem Bjarki H. Diego („kærandi“), sem er íslenskur ríkisborgari, lagði fram hjá dómstólum gegn Íslandi á grundvelli 34. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis („mannréttinasáttmálinn“) hinn 5. apríl 2017,

ákvörðun um að tilkynna ríkisstjórn Íslands („ríkið“) um kærurnar varðandi skort á aðgangi að sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli og varðandi þann hátt sem hafður var á við skýrslutöku af kæranda meðan á rannsókn stóð, og að lýsa aðra liði kærunnar ótæka til meðferðar,

sjónarmiðum aðila,

eftir að hafa fjallað um málið á lokuðum fundi hinn 22. febrúar 2022,

upp eftirfarandi dóm, sem samþykktur var þann dag er síðast greinir:

INNGANGUR

1. Mál þetta varðar þá umkvörtun kæranda að ákæra á hendur honum og sakfelling fyrir efnahagsbrot í kjölfar fjármálakreppu ársins 2008 hefði falið í sér brot á rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar.

MÁLSATVIK

2. Kærandi er fæddur 1968 og búsettur í Reykjavík. Þórir Júlíusson, lögmaður í Reykjavík, kom fram fyrir hans hönd gagnvart dómstólum.

3. Í fyrirsvari fyrir ríkið var Einar Karl Hallvarðsson, ríkislögmaður, sem umboðsmaður þess.

4. Staðreyndir málsins, eins og þær voru settar fram af aðilum, eru í samantekt sem hér á eftir segir.

AÐDRAGANDI MÁLSINS

5. Haustið 2008 lagðist alþjóðlega lausafjárekreppan á íslenska bankastarfsemi. Frá 7. til 9. október skipaði Fjármálaeftirlitið þremur stærstu íslensku bönkunum skilanevndir, sem tóku yfir rekstur bankanna. Fall hvers

banka hefði veruleg áhrif á hina bankana sem enn stóðu. Einn bankanna sem féll var Kaupþing banki hf. (hér eftir „Kaupþing“), en hann féll 9. október 2008. Í kjölfar þessara atburða var sett á stofn embætti sérstaks saksóknara (hér eftir „sérstakur saksóknari“).

6. Kærandi, sem er hæstaréttarlögmaður, starfaði sem framkvæmdastjóri útlánadeildar og nefndamaður í lánadeild samstæðu Kaupþings fram til þess að bankinn féll.

SAKAMÁL Á HENDUR KÆRANDA

7. Með bréfi 1. október 2009 sendi Fjármálaeftirlitið kæru til embættis sérstaks saksóknara varðandi meinta markaðsmisnotkun hlutabréfa í Kaupþingi á tímabilinu frá júní 2005 til október 2008. Í kjölfar þess var ráðist í nokkrar rannsóknir á viðskiptaháttum Kaupþings og sættu tólf fyrrum starfsmenn Kaupþings rannsókn vegna meintra brota á lögum um verðbréfavíðskipti í tengslum við nokkur aðskilin víðskipti og víðskiptahætti Kaupþings áður en bankinn féll. Kærandi var meðal þeirra sem sættu rannsókn.

8. Í tengslum við rannsókn þessara mála veitti Héraðsdómur Vesturlands sérstökum saksóknara í nokkrum tilvikum heimild til þess hlusta á öll símtöl í og úr sínum með símanúmer sem skráð voru á kæranda eða notuð voru af kæranda. Í upphaflegri beiðni sinni, sem dagsett var 9. mars 2010, vísaði sérstakur saksóknari til fjögurra umfangsmikilla rannsókna sem tengdust aðgerðum Kaupþings fyrir fall þess, „Al Thani“, „Holt“, „CLN“ og „Desulo“ rannsóknanna. Sagði sérstakur saksóknari að „grunur léki á að [kærandi] hefði tekið þátt í ákvarðanatöku varðandi meint refsivert athæfi í tengslum við starfsemi Kaupþings.“ Sú staðhæfing var endurtekin í síðari úrskurði Héraðsdóms Vesturlands, þar sem veitt var heimild til þess að hlusta á símtöl, og í síðari beiðnum sérstaks saksóknara um að halda áfram símhlustunum. Á grundvelli þessara heimilda var sími kæranda hlustaður frá 9. mars fram í maí 2010. Í skýrslum um framgang símhlustananna er vísað til þeirra sem hlustununum sættu, þar með talið til kæranda, sem „sakborninga“ og meðal annars vísað til samtala kæranda við aðra, þar sem minnst var á Desulo Trading Ltd., Mata Investment Company Ltd. og Holt Investment Group Ltd.

9. Hinn 19. apríl 2010 var tekin skýrsla af kæranda í tengslum við Al Thani rannsóknina. Á endanum var hann ekki sóttur til saka í því máli.

10. Hinn 14. maí 2010 var tekin skýrsla af kæranda í tengslum við Holt rannsóknina, eina þeirra rannsókna sem sérstakur saksóknari hafði vísað til í beiðni sinni um heimild [til símhlustunar]. Var skýrslan tekin af kæranda sem vitni, og sem slíku var brýnt fyrir honum að skýra satt og rétt frá og hann upplýstur um rétt sinn til þess að skorast undan því að svara spurningu ef í svarinu fælist möguleg bending um að hann hefði framið refsiverðan verknað (sjá 21. mgr. hér fyrir neðan). Honum var tjáð að rannsóknin varðaði grun um refsiverða háttsemi af hálfu stjórnenda og starfsmanna Kaupþings í tengslum

við hlutabréfakaup af hálfu Holt Investment Group Ltd. og að hin meinta refsiverða háttsemi kynni að varða brot á efnahagsbrotakafla almennra hegningarlaga, markaðsmisnotkunarkafla laga um verðbréfavíðskipti, laga um hlutafélög og laga um fjármálafyrirtæki. Enginn réttargæslumaður var viðstaddur skýrslutökuna með kæranda og ekki er að sjá að hann hafi verið upplýstur um rétt sinn til þess að hafa réttargæslumann með sér.

11. Hinn 12. nóvember 2011 var aftur tekin skýrsla af kæranda í tengslum við Holt rannsóknina, að þessu sinni sem sakborningi. Í för með honum var verjandi að hans vali og var hann upplýstur um rétt sinn til þess að neita að svara spurningum og skyldu til þess að segja satt og rétt frá ef hann kysi að svara spurningum. Hinn 17. nóvember 2011 var aftur tekin skýrsla af kæranda sem sakborningi.

12. Hinn 15. mars 2013 var kærandi ákærður ásamt nokkrum öðrum. Var hann ákærður í sjö liðum fyrir umboðssvik. Þrjú ákæruliðir vörðuð sakir um ótilhlýðilegar lánveitingar til Holt Investment Group Ltd. Fjórir liðir vörðuð sakir um ótilhlýðilegar lánveitingar til Desulo Trading Ltd. Í báðum tilvikum var kærandi sakaður um að hafa komið að ákvarðanatöku um að veita viðkomandi félögum lán frá bankanum í trássi við eigin reglur bankans og án þess að tryggja hagsmuni bankans með viðhlítandi hætti.

13. Meðan á málsmeðferðinni stóð, sem í kjölfarið fylgdi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, krafðist kærandi þess í tvígang að málinu gegn honum yrði vísað frá og vísaði til hljóðritunar símtala og framlagningar endurrita af símtölum milli hans og tveggja nafngreindra lögmanna, sem sönnungargagna. Báðum kröfum var hafnað af héraðsdómi og aftur við áfrýjun til Hæstaréttar á þeirri forsendu að lögmennirnir sem um ræðir hefðu ekki verið skipaðir verjendur hans og að með framlagningu endurritanna hefði ekki verið brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar.

14. Með dómi 26. júní 2015 sakfelldi héraðsdómur kæranda fyrir umboðssvik í sex liðum en sýknaði hann af einum ákærulið sem varðaði Holt Investment Group Ltd. Var hann dæmdur til tveggja og hálfis árs fangelsisvistar.

15. Kærandi áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar Íslands með kæru sem lögð var fram af ríkissaksóknara að beiðni hans.

16. Fyrir Hæstarétti taldi kærandi að vísa ætti frá málinu gegn sér þar sem tekin hefði verið af honum skýrsla sem vitni 14. maí 2010, þegar hann hefði í raun verið talinn sakborningur í málinu.

17. Með dómi 6. október 2016 sneri Hæstiréttur við dómi héraðsdóms að hluta og sakfelldi kæranda fyrir alla sjö ákæruliði um umboðssvik. Staðfesti Hæstiréttur refsinguna sem héraðsdómur hafði ákvarðað.

NÝ GÖGN KOMA FRAM

18. Hinn 5. desember 2016 komu fram í fjölmiðlum trúnaðarupplýsingar varðandi fjárhagslega hagsmuni hæstaréttardómaranna (sjá *Sigríður Elin*

Sigfúsdóttir gegn Íslandi, nr. 41382/17, 13.-14. mgr., 25. febrúar 2020). Í röð fréttu í sjónvarpi, í fréttablöðum og á netinu kom fram að einhverjir dómara hefðu átt eignarhluti í íslensku bönkunum fyrir fall þeirra árið 2008. Í fréttunum var sagt frá því að um hlutafjáreignina hefði að minnsta kosti í sumum tilvikum ekki verið tilkynnt til nefndar um dómaraastörf. Vegna fréttuflutningsins vaknaði umræða um mögulega hagsmunaárekstra dómara vegna fjárfestinga þeirra í íslenskum hlutabréfum og sjóðum, og hvort þeir dómara, sem um ræðir, hefðu dæmt í málum, sem vörðuðu atburðarásina í aðdraganda hruns bankanna, þrátt fyrir slíka mögulega hagsmunaárekstra. Bar kærandi að þetta væri í fyrsta sinn sem hann hefði haft fregnir af hlutafjáreign dómara sem hefði dæmt í máli hans, það er að segja dómara V.M.M.

19. Í fréttuflutningnum og í upplýsingum sem síðar voru veittar af nefnd um dómaraastörf kom fram að dómari V.M.M. hefði átt hlutabréf í Kaupþingi og öðrum banka, Landsbanka Íslands hf. (hér eftir „Landsbankinn“) áður en þeir urðu gjaldþrota. Í október 2008 hefði dómari V.M.M. átt þrjátíu og sex hluti í Kaupþingi að nafnvirði 360 íslenskar krónur (ISK – svarar til um það bil 2ja evra á þeim tíma sem bankinn féll). Af framlögðum gögnum má ráða að raunvirði þeirra hafi verið um það bil 140 evrur á þeim tíma (þrjátíu og sex hlutir með dagslokaverði 654 krónur á hvern hlut 3. október 2008, sem svarar til heildarvirðis að fjárhæð 23.544 kr.). Enn fremur hefði V.M.M. eignast hlutabréf í Landsbankanum með heildarnafnvirði 428.075 kr. á tímabilinu 8. mars til 26. september 2007. Kaupverðið hefði verið 14.753.256 kr., en 3. október 2008 hefðu hlutabréfin verið metin á 8.518.692 krónur (u.þ.b. 62.860 evrur). Þessir hlutir töpuðust við fall Landsbankans 8. október 2008. V.M.M. var skipaður hæstaréttardómari í september 2010.

VIÐEIGANDI LAGAUMGERÐ

20. Í 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands er kveðið á um að öllum beri réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli.

21. Viðeigandi ákvæði laga um meðferð sakamála eru svohljóðandi:

6. gr.

„(1) Dómari, þar á meðal meðdómsmaður, er vanhæfur til að fara með mál ef:

...

g. fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa.“

...“

116. gr.

„(1) Hverjum manni, sem er orðinn 15 ára, lýtur íslenskri lögsögu og er ekki ákærði eða fyrirvarsaður hans, er skylt að koma fyrir dóm sem vitni til að svara munnlega spurningum sem er beint til hans um málsatvik.

...“

118. gr.

„(1) Vitni er rétt að skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari þess geti falist játning eða bending um að það hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi því siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Það sama á við ef ætla má að svar hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern þann sem tengist vitni með þeim hætti sem segir í 1. eða 2. mgr. 117. gr.

...“

122. gr.

„(1) Þegar vitni kemur fyrir dóm lætur dómari það fyrst gera grein fyrir nafni sínu, kennitölu og heimili, en prófar svo eftir þörfum hvort því sé rétt eða skylt að bera vætti. ... Síðan brýnir dómari alvarlega fyrir vitni skyldu þess til að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan, og leiðir athygli þess að þeirri refsí- og siðferðisábyrgð sem er samfara vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði, svo og að þess kunni að verða krafist að það staðfesti framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti.“

22. Viðeigandi greinum dómstólalaga og reglna um aukastörf héraðsdómara og hæstaréttardómara og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum, eins og þær voru á þeim tíma sem um ræðir, er nánar lýst í málinu *Sigríður Elín Sigfúsdóttir* (sem vísað er til hér að framan, 25.-27. mgr.).

LAGAATRÍÐI

MEINT BROTT GEGN 1. MGR. 6. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

23. Kærandi taldi að með aðkomu dómars V.M.M. að máli hans hefði verið brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli, svo sem kveðið er á í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans, sem að því marki sem við á, er svohljóðandi:

Þegar kveða skal á um ... sök sem hann er borinn um refsivert brott, skal hann eiga rétt til réttlátrar ... málsmeðferðar ... fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli...

A. Meðferðarhæfi

24. Ríkið taldi að kærán væri ótæk til meðferðar þar sem hún væri augljóslega illa grunduð.

25. Kærandi var ósammála.

26. Niðurstaða dómstólsins er að kæra þessi sé ekki augljóslega illa grunduð. Hún verður því að teljast tæk til meðferðar.

B. Málsástæður

1. Sjónarmið aðila

27. Kærandi bar að hann hefði réttmæta ástæðu til þess að óttast að dómurinn V.M.M. hefði skort tilskilda óhlutdrægni til þess að fjalla um mál hans vegna eignarhluta hans í Kaupþingi ásamt verulegum eignarhlut hans í Landsbankanum. Í því sambandi benti kærandi á að allir þrír stærstu íslensku bankarnir hefðu fallið innan þriggja daga tímabils í atburðarrás sem almennt hefði verið litið á sem sameiginlegt fall bankanna; hefði Hæstiréttur sjálfur vísað í mörgum dómum sínum til falls bankanna haustið 2008 án nokkurrar aðgreiningar milli bankanna. Taldi kærandi að fjárhagslegir hagsmunir dómurans V.M.M., sem leiddu til niðurstöðu dómstólsins um brot vegna skorts á óhlutdrægni í málinu *Sigríður Elin Sigfúsdóttir* (sem vísað er til hér að framan), ættu því með sama hætti að teljast hafa leitt til skorts á tilskilinni óhlutdrægni til þess að dæma í máli kæranda.

28. Ríkið taldi að kærandi gæti ekki hafa haft réttmætar efasemdir á hlutlægum grundvelli um óhlutdrægni dómurans V.M.M. í máli hans þar sem fjárhagslegir hagsmunir hins síðarnefnda í Kaupþingi hefðu verið óverulegir – þeir hefðu ekki náð 3.000.000 króna markinu sem hefði orðið til þess að leita hefði þurft samþykkis nefndar um dómastörf – og í öllu falli hefði stofnast til þeirra fyrir skipun hans í embætti við Hæstarétt. Þá taldi ríkið að eignarhlutir dómurans V.M.M. í öðrum bönkum eða annað tengt tjón gæti ekki hafa skipt máli við mat á óhlutdrægni hans varðandi Kaupþing þar sem þeir fjárhagslegu hagsmunir hefðu ekki með beinum hætti tengst efni máls kæranda.

2. Álit dómstólsins

29. Dómstóllinn ítrekar að óhlutdrægni felst að jafnaði í því að ekki sé til að dreifa fordómum eða vilhalla og að unnt sé að sannreyna með ýmsum hætti hvort hún sé fyrir hendi eða ekki. Samkvæmt viðteknum fordæmum dómstólsins ber að ákvarða hvort óhlutdrægni ríki, í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans, á grundvelli huglægs prófsteins, þar sem taka verður mið af persónulegri sannfæringu og háttsemi tiltekins dómara, þ.e.a.s. hvort dómurinn hafi verið haldinn einhverjum persónulegum fordómum eða vilhalla í tilteknu máli, og einnig á grundvelli hlutlægs prófsteins, þ.e.a.s. með því að ganga úr skugga um það hvort rétturinn sjálfur og, eftir atvikum, samsetning hans, veittu fullnægjandi tryggingu til þess að útiloka hvers kyns lögmætar efasemdir um óhlutdrægni hans (sjá t.d. *Kyprianou gegn Kýpur* [GC], nr. 73797/01, 118. mgr., ECHR 2005-XIII; *Micallef gegn Möltu* [GC], nr. 17056/06, 93. mgr., ECHR 2009; og *Morice gegn Frakklandi* [GC], nr. 29369/10, 73. mgr., ECHR 2015).

30. Í málinu *Sigríður Elin Sigfúsdóttir* taldi dómstóllinn að til þess að unnt væri að bera brigður á óhlutdrægni dómara við slíkar aðstæður þyrftu

fjárhagslegir hagsmunir dómarans að tengjast beint efni ágreiningsins á hinum innlenda vettvangi (sjá *Sigríður Elin Sigfúsdóttir*, sem vísað er til hér að framan, 53. mgr.). Á þeim grundvelli taldi dómstóllinn að fjártjón dómarans V.M.M., sem leiddi af falli Landsbankans, hefði haft áhrif á óhlutdrægni hans að því er varðar saksókn fyrrum stjórnenda þess banka en að fjártjón annarra dómara sem leiddu af falli annarra banka hefði ekki haft áhrif á óhlutdrægni þeirra varðandi sakamál sem tengdust Landsbankanum. Þótt fjárhagslegt tjón dómarans V.M.M. sem leiddi af falli Landsbankans hafi verið umtalsvert getur það ekki talist hafa vakið hjá kæranda hlutlægan og réttmætan ótta um skort á óhlutdrægni í þessu máli (sama heimild).

31. Ef litið er til hlutfjáreignar dómarans V.M.M. í Kaupþingi á þeim tíma sem það féll svaraði andvirði hennar, og þar með andvirði þess fjártjóns hans sem leiddi af falli Kaupþings, til 140 evra á þeim tíma sem um ræðir (sjá 19. mgr. hér að framan). Þetta tjón var hverfandi og víðs fjarri þeim 3.000.000 viðmiðunarmörkum sem heimildir nefndar um dómarastörf miðast við (sjá til samanburðar málið *Sigríður Elin Sigfúsdóttir*, sem vísað er til hér að framan, 54.-55. mgr.). Því er það einnig niðurstaða dómstólsins að fjárhagslegir hagsmunir dómarans V.M.M. í Kaupþingi geti ekki með réttu hafa vakið efasemdir hjá kæranda um óhlutdrægni V.M.M. þegar hann dæmdi í máli hans.

32. Því er ekki um að ræða brot gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans að því er varðar kröfuna um sjálfstæðan og óhlutdrægan dómstól.

MEINT BROT GEGN 1. MGR. 6. GR. OG A-OG C- LIÐUM 3. MGR. 6 GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

33. Kærandi bar að hann hefði gefið skýrslu fyrir sérstökum saksóknara sem vitni í málinu á sama tíma og hann var þegar talinn sakborningur án þess að hann nyti þess réttar til málsvarnar, sem hefði átt að veita honum samkvæmt a- og c-liðum 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans, sem væri brot gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Að því marki sem 6. gr. á við er hún svohljóðandi:

„1. Þegar kveða skal á um ... sök, sem [maður] er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar fyrir ... dómstóli ...

...

3. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal eigi njóta minni réttar en hér greinir:

a. Hann fái án tafar, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir.

...

c. Hann fái að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali. Hafi hann ekki nóg fé til að greiða lögfræðiaðstoð skal hann fá hana ókeypis ef það er nauðsynlegt vegna réttvísinnar ...

...“

A. Meðferðarhæfi

34. Ríkið taldi að kærán væri ótæk til meðferðar þar sem kærandi hefði ekki til fulls látið reyna á innlend úrræði. Taldi ríkið að hann hefði ekki vísað til þessarar málsástæðu við málsmeðferðina fyrir héraðsdómi og ekki vísað til hennar með fullnægjandi hætti fyrir Hæstarétti, þar sem ríkið taldi að hann hefði aðallega byggt á álitafni varðandi tiltekin hlustuð símtöl til stuðnings kröfu sinni um að máli hans yrði vísað frá og að hann hefði einungis nefnt álitafnið um skýrslutökuna sem aukaatriði í málflutningi sínum. Þá taldi ríkið að kærán væri augljóslega illa grunduð.

35. Kærandi mótmælti staðhæfingu ríkisins og bar að hann hefði lýst þessari kröfu sinni fyrir bæði héraðsdómi og Hæstarétti.

36. Dómstóllinn ítrekar að til þess að kærandi geti talist hafa nýtt innlend úrræði til fulls þurfi hann að lýsa kæru sinni „að minnsta kosti að efni til“ á innlendum vettvangi þannig að hinir innlendu dómstólar hefðu tækifæri til þess að bæta fyrir meint brot (sjá meðal fjölmargra annarra heimilda *Radomilja o.fl. gegn Króatíu* [GC], nr. 37685/10 og 22768/12, 117. mgr., 20. mars 2018).

37. Dómstóllinn veitir því athygli að af greinargerðum kæranda fyrir Hæstarétti, sem hann lagði einnig fyrir dómstólinn ásamt athugasemdum sínum, má sjá að hann hafi fært fram þau rök í máli sínu að skýrslutakan af honum sem vitni í málinu þegar hann var augljóslega talinn sakborningur hefði ein og sér átt að leita til frávísunar Holt málsins. Dómstóllinn telur þetta nægja til þess að kærandi teljist hafa vísað til réttar síns til réttlátrar málsmeðferðar í því sambandi (sbr. *Unseen ehf. gegn Íslandi* (ákv.), nr. 55630/15, 15.-20. mgr., 20. mars 2018).

38. Kærandi verður því að teljast hafa til fulls látið reyna á innlend úrræði að því er varðar þennan kærulið, eins og krafist er í 1. mgr. 35. gr. mannréttindasáttmálans. Þá er það mat dómstólsins að kærán sé hvorki augljóslega illa grunduð né ótæk til meðferðar á neinum öðrum forsendum sem taldar eru upp í 35. gr. mannréttindasáttmálans. Hún verður því að teljast tæk til meðferðar.

B. Málsástæður

1. Sjónarmið aðila

39. Kærandi taldi að í raun hefði verið um að ræða „sakargift“ á hendur honum í upphafi skýrslutökkunnar 14. maí 2010, í seinasta lagi, en á þeim tíma hefði honum ekki verið tilkynnt formlega um sakargiftina eða skipaður

verjandi. Taldi kærandi að þar sem uppi hefðu verið „sakir“ gegn honum meðan á umræddri skýrslutöku stóð hefði með skýrslutökunni verið brotið gegn rétti hans sem sakborningi til að skorast undan að svara spurningum, að forðast að skapa sjálfum sér refsíabyrgð og njóta lögfræðilegrar aðstoðar við skýrslutökuna. Taldi hann að það væri „ómögulegt að fá fullvissu um að brotin hefðu engin áhrif haft á þá endanlegu niðurstöðu innlendu dómstólanna að sakfella“ hann.

40. Kærandi lagði áherslu á að þekking hans sem hæstaréttarlögmanns hefði ekki átt að hafa áhrif á gildi þeirra réttinda sem honum bæri samkvæmt 6. gr. í refsréttarlegu tilliti. Þá taldi hann að ekki væri unnt að líta svo á að hann hefði afsalað sér rétti sínum til lögfræðiaðstoðar þótt hann hefði ekki farið fram á að réttargæslumaður yrði viðstaddur skýrslutökuna 14. maí 2010; þvert á móti hefði það verið vegna lögfræðipekkingar sinnar sem hann hefði talið að hann væri ekki sakborningur í málinu og því hefði hann ekki haft þörf á viðurvist verjanda.

41. Ríkið bar að ekki hefði verið um að ræða neina „sakargift“ á hendur kæranda fyrr en skýrsla var tekin af honum sem sakborningi í málinu 12. nóvember 2011, en þá hefði honum verið kynntar sakargiftirnar á hendur honum og honum hefði fylgt lögmaður eins og hann hefði átt rétt á samkvæmt sakamálaþætti 6. gr. mannréttindasáttmálans. Staðhæfði ríkið að fyrir þann dag hefði ekki beinst neinn sérstakur grunur að kæranda í tengslum við rannsókn Holt málsins og að skýrslutakan af honum hefði beinst að því að leiða í ljós aðkomu yfirmanna hans og annarra starfsmanna bankans að viðskiptunum. Þannig taldi ríkið að kærandi hefði ekki orðið fyrir verulegum áhrifum vegna aðgerða sem stjórnvöld hefðu gripið til af völdum grunsemda gegn honum á þeim tíma þegar skýrsla hefði verið tekið af honum sem vitni 14. maí 2010. Saksóknara hefðu ekki borist vísbendingar um refsivert athæfi þar til nokkrum mánuðum eftir skýrslutökuna en eftir það hefði kærandi fengið stöðu sakbornings og notið aðstoðar lögmanns við síðari skýrslutöku.

42. Yrði talið að uppi hafi verið „sakargift“ á hendur kæranda við skýrslutökuna 14. maí 2010 taldi ríkið að hinar óvenjulegu aðstæður sem uppi voru varðandi hinar fjölmörgu og viðamiklu rannsóknir á atburðunum í aðdraganda fjármálakreppunnar árið 2008, ásamt lögfræðikunnáttu kæranda, ættu að teljast „ríkar ástæður“ fyrir tímabundinni takmörkun á rétti hans til lögfræðilegrar aðstoðar. Þá benti ríkið enn fremur á að kærandi hefði getað óskað eftir lögfræðiaðstoð þegar tekin var af honum skýrsla 14. maí 2010, þar sem innlend lög hvorki tryggðu né kæmu í veg fyrir viðveru verjanda við skýrslutöku af vitni. Í þessu ljósi, og í ljósi þekkingar kæranda sem hæstaréttarlögmanns, taldi ríkið að kærandi hefði í raun fallið frá rétti sínum til viðveru verjanda. Hélt ríkið því fram að í öllu falli hefði kærandi ekki gefið neitt til kynna um að hann hefði verið viðriðinn neitt saknæmt athæfi við skýrslutökuna 14. maí 2010 eða síðar, og vitnisburður hans hefði ekki verið notaður sem sönnunargagn til stuðnings sakfellingu hans. Taldi ríkið að

tilhögun skýrslutökunnar 14. maí 2010 hefði ekki haft áhrif á heildarsanngirni sakamálsins á hendur honum.

2. Álit dómstólsins

(a) Hvort um hafi verið að ræða „sök“

43. Áður en lengra er haldið vill dómstóllinn ítreka að sú vernd sem veitt er með 1. mgr. 6. gr. og a- c-lið 3. mgr. 6. gr. gildir um mann sem „borinn er sök“ í eiginlegri merkingu samkvæmt mannréttindasáttmálanum. „Sakargift“ er fyrir hendi frá þeim tíma sem einstaklingi er formlega tilkynnt af þar til bæru yfirvaldi um að honum sé borið að sök að hann hafi framið refsivert brot, eða frá þeim tímapunkti sem aðstæður hans hafa orðið fyrir verulegum áhrifum vegna aðgerða sem stjórnvöld hafa gripið til vegna grunsemda gegn honum (sjá *Ibrahim o.fl. gegn Bretlandi* [GC], nr. 50541/08 og 3 til viðbótar, 249. mgr., 13. september 2016, og *Simeonovi gegn Búlgaríu* [GC], nr. 21980/04, 110.-111. mgr., 12. maí 2017).

44. Þótt kærandi hafi ekki formlega verið lýstur sakborningur í rannsókn sakamálsins þegar skýrsla var tekin af honum 14. maí 2010 er það ekki úrslitaatriði sem dómstóllinn tekur mið af við ákvörðun á því hvort verndin sem sakamálaþáttur 6. gr. veitir náði til kæranda á þeim tíma sem um ræðir (sjá *Kalēja gegn Lettlandi*, nr. 22059/08, 38. mgr., 5. október 2017, og heimildir sem þar er vísað til).

45. Dómstóllinn veitir því eftirtekt að kærandi var einn átta einstaklinga sem sættu hlustun á símtölum sínum samkvæmt dómsúrskurði í tvo mánuði fyrir skýrslutökuna af honum 14. maí 2010 og að ítrekað var vísað til þessara einstaklinga sem „sakborninga“ í framvinduskýrslum um símhlustunina (sjá 8. mgr. hér að framan). Þá veitir dómstóllinn því eftirtekt að í óskum um heimildir sem vörðuðu kæranda tók sérstakur saksóknari ítrekað fram, þegar hinn 9. mars 2010, að grunsemdir væru uppi um að kærandi hefði tekið þátt í ákvörðunum sem vörðuðu meinta refsiverða háttsemi í málunum sem til rannsóknar voru. Meðal málanna sem um ræddi var Holt rannsóknin, sem var tilefni skýrslutökunnar 14. maí 2010 og sem á endanum leiddi til ákærunnar á hendur kæranda og sakfellingar hans.

46. Dómstóllinn gerir sér grein fyrir því að á þeim tíma sem um ræðir voru nokkrar rannsóknir í gangi sem vörðuðu starfsemi Kaupþings, að rannsakendur bjuggu ekki yfir öllum þeim upplýsingum sem þörf var á til þess að leiða í ljós málsatvik og mögulega brotamenn í hverju máli og að kærandi var á endanum ekki ákærður í öllum þeim málum sem sérstakur saksóknari hafði vísað til í beiðnum sínum um heimildir dómstóla

47. Engu að síður, eins og skýrt er hér að framan, má sjá af samtímaskjölum sem lögð voru fyrir dómstóllinn að sérstakur saksóknari tók það ráð að hlusta símtöl kæranda í tengslum við nokkrar rannsóknir, þar með talið þær rannsóknir sem leiddu til saksóknar hans vegna gruns um að kærandi hefði verið þátttakandi í ákvörðunum sem tengdust meintri refsiverðri

háttsemi í þeim málum sem til rannsóknar voru. Það nægir til þess að dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hafi á þeim tíma orðið fyrir áhrifum að aðgerðum sem yfirvöld gripu til vegna gruns sem beindist að honum og að af þeim sökum hafi verið uppi „sakargift“ á hendur honum í skilningi 6. gr. mannréttindasáttmálans. Af þeim sökum hefði kærandi átt að njóta verndar sakamálaþáttar 6. gr. frá og með 14. maí 2010 í síðasta lagi, þar með talið réttarins til að halda uppi vörnum samkvæmt 3. mgr. 6. gr.

(b) Kröfur 3. mgr. 6. gr. á rannsóknarstigi

Almennar meginreglur varðandi gildi 3. mgr. 6. gr.

48. Líta ber á kröfur 3. mgr. 6. gr. sem afmarkaða þætti réttarins til réttlátrar málsmeðferðar sem tryggður er með 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans og því ber að fjalla um kærurnar skv. 1. og 3. mgr. 6 gr. saman (sjá *Gäfgen gegn Þýskalandi* [GC], nr. 22978/05, 169. mgr., ECHR 2010, og *Sakhnovskiy gegn Rússlandi* [GC], nr. 21272/03, 94. mgr., 2. nóvember 2010).

49. Hinar almennu meginreglur varðandi réttinn til vitneskju um sakarefni samkvæmt a-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans hafa verið teknar saman í *Sejdovic gegn Ítalíu* ([GC], nr. 56581/00, 89.-90. mgr., ECHR 2006-II). Hinar almennu meginreglur varðandi aðgengi að verjanda samkvæmt c-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans og gildi þeirra fyrir heildarsanngirni málsmeðferðar hafa verið teknar saman í *Beuze gegn Belgíu* ([GC], nr. 71409/10, 120.-150. mgr., 9. nóvember 2018). Hinir ýmsu þættir sem taka ber mið af við mat á áhrifum formgalla í aðdraganda dómsmála á heildarsanngirni sakamála eru taldar upp í *Ibrahim o.fl.* (sem vísað er til hér að framan, 274. mgr.).

(c) Gildi þessara meginreglna í þessu máli

50. Dómstóllinn bendir á að í upphafi skýrslutökunnar 14. maí 2010 var kærandi upplýstur um efni rannsóknarinnar og um skyldu sína til þess að segja satt og rétt frá og rétt sinn til að skorast undan því að svara spurningum ef í svarinu fælist möguleg bending um að hann hefði framið refsiverðan verknað. Hann var hins vegar ekki upplýstur um að sakarefnin sem til rannsóknar voru vörðuðu hann sjálfan meðal annarra en eins og dómstóllinn hefur komist að niðurstöðu um hér að framan var þegar komin til „sakargift“ á hendur honum á þeim tíma. Þannig var látið undir höfuð leggjast að upplýsa kæranda um sakargiftir á hendur honum í upphafi, þótt óumdeilt sé að hann hafi verið upplýstur um sakargiftirnar sem um ræddi á síðari stigum. Þennan misbrest verður að meta í ljósi hins almennari réttar til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og verður um hann fjallað í matinu á heildarsanngirni málsmeðferðarinnar (sjá *Sejdovic*, sem vísað er til hér að framan, 90. mgr.).

51. Kærandi var heldur ekki upplýstur við skýrslutökuna 14. maí 2010 um rétt sinn til þess að hafa verjanda viðstaddan – rétt sem ekki er kveðið á um berum orðum í innlendum lögum varðandi þá sem gefa skýrslu sem vitni, þótt það sé heldur ekki bannað, eins og ríkið greindi frá. Dómstóllinn fellst ekki á þá röksemdafærslu ríkisins að ráða megi af þeirri staðreynd að kærandi fór ekki fram á að verjandi yrði viðstaddur að hann hafi þar með í raun fallið frá rétti sínum til viðveru verjanda við skýrslutökuna þar sem kröfur dómstólsins varðandi afsal réttinda til réttlátrar málsmeðferðar skv. 6. gr. voru bersýnilega ekki uppfylltar (sjá *Murtazaliyeva gegn Rússlandi* [GC], nr. 36658/05, 117.-18. mgr., 18. desember 2018). Þannig telur dómstóllinn að við þá skýrslutöku hafi verið misbrestur á því að gefa kæranda kost á lögfræðiaðstoð.

52. Enn fremur getur dómstóllinn ekki fallist á að „ríkar ástæður“ hafi verið fyrir tímabundinni takmörkun á rétti kæranda til lögfræðiaðstoðar. Takmörkunin stafaði einvörðungu af því að kærandi hafði á þeim tíma verið tilgreindur sem vitni fremur en sakborningur og hún átti þar með ekki rætur í meðvitaðri ákvörðun um að takmarka aðgengi í sérstökum tilgangi samkvæmt löggjöf sem heimilaði slíkar takmarkanir við sérstakar aðstæður.

53. Við þessar aðstæður ber dómstólnum að beita ítarlegri rannsókn við mat sitt á áhrifum þessa misbrests á heildarsanngirni málsmeðferðarinnar (sjá *Simeonovi*, 118. mgr., og *Ibrahim o.fl.*, 265. og 273. mgr., sem vísað er til hér að framan). Í þessu máli ber dómstólnum að ganga úr skugga um hvort sú staðreynd að ekki hafi verið viðstaddur verjandi við skýrslutökuna 14. maí 2010 hafi haft þau áhrif að spilla heildarsanngirni sakamálsins á hendur kæranda með þeim hætti að ekki yrði úr bætt (sjá *Simeonovi*, sem vísað er til hér að framan, 132. mgr.).

54. Við beitingu slíkrar ítarlegrar rannsóknar í samræmi við þá þætti sem dómstóllinn hefur í dómaframkvæmd sinni ákveðið að leggja skuli til grundvallar (sjá 49. mgr. hér að framan) veitir dómstóllinn því fyrst athygli að kærandi var ekki í sérstaklega viðkvæmri stöðu vegna aldurs eða andlegs ástands. Þá var hann ekki í haldi lögreglu, þannig að honum var frjálst að leita sér lögfræðiaðstoðar, bæði fyrir og eftir skýrslutökuna (sjá *Kalēja*, sem vísað er til hér að framan, 68. mgr.). Í fordæmum sínum hefur dómstóllinn lagt áherslu á mikilvægi aðgengis að lögfræðiaðstoð fyrir sakborning sem er í haldi lögreglu (sjá *Salduz*, sem vísað er til hér að framan, 54. mgr.; *Ibrahim o.fl.*, sem vísað er til hér að framan, 255. mgr.; og *Simeonovi*, sem vísað er til hér að framan, 112. mgr.). Allir þessi þættir eru til þess fallnir að draga úr ósanngirni tafarinnar á aðgengi að lögfræðilegri ráðgjöf.

55. Ríkið taldi að rétturinn til aðgangs að verjanda hefði skipti minna máli fyrir kæranda þar sem hann væri sjálfur hæstaréttarlögmaður og hefði því átt að vera kunnugt um réttindi sín. Í því sambandi telur dómstóllinn að þótt þekking kæranda á lögum kunni að hafa valdið honum minna óhagræði en öðrum sakborningum í sömu aðstæðum gæti það ekki orðið til þess að svipta hann réttinum til málsvarnar sem verndaður er með 3. mgr. 6. gr. og hefur það ekki marktæk áhrif á matið á ósanngirni málsmeðferðarinnar.

56. Þá nefndi ríkið einnig að kærandi hefði ekki haft uppi nein ummæli við skýrslutökuna 14. maí 2010 sem fólu í sér bendingu um að hann hefði verið viðriðinn refsiverðan verknað og að þótt endurrit af skýrslutökunni hefði verið lagt fyrir réttinn í réttarhaldinu yfir honum hefði ekki verið vísað til þess í hinum innlendu dómum til stuðnings sakfellingu hans.

57. Í dómum sínum hefur dómstóllinn stundum ljáð því vægi hvort kærandi hafi viðhaft ummæli sem fólu í sér bendingu um sekt við skýrslutöku þar sem réttur hans til málsvarnar var ekki tryggður með viðhlítandi hætti, hvort skýrslan sem tekin var hafi verið lögð fram sem sönnunargagn fyrir innlendum dómstólum og hvort kærandi hefði síðan haft tækifæri til þess að draga ummæli sín til baka eða andmæla þeim (sjá til dæmis *Ibrahim o.fl.*, sem vísað er til hér að framan, 274. mgr.; *Akdağ gegn Tyrklandi*, nr. 75460/10, 67.-71. mgr., 17. september 2019; og *Sitnevskiy og Chaykovskiy gegn Úkraínu*, nr. 48016/06 og 7817/07, 131. mgr., 10. nóvember 2016). Í þessu máli, þegar tekið er mið af eðli sakargiftanna á hendur kæranda á sviði flókinna efnahagsbrota, er ekki unnt að sannreyna þessa þætti með svo skýrum hætti. Af hálfu dómstólsins er ítrekað að kærandi var ákærður meðal annars fyrir að koma að ákvörðun um að veita Holt Investment Group Ltd. lán frá bankanum í trássi við eigin reglur bankans og án þess að tryggja hagsmuni bankans með viðhlítandi hætti. Í skýrslutökunni 14. maí 2010 var fjallað í löngu máli um þau viðskipti. Þannig var kærandi spurður ítarlegra spurninga um ákvarðanatökuferlið innan bankans sem gildi um lánsákvæðanirnar sem sættu grunsemdum og um þátt hans í ferlinu. Kærandi svaraði öllum spurningum án þess að vísa til réttar síns til þess að skorast undan því að svara spurningu sem varpað gæti á hann sök.

58. Máli skiptir að endurrit skýrslutökunnar var síðan lagt fram af hálfu saksóknarans fyrir hinum innlendu dómstólum (sjá til dæmis *Beuze*, sem vísað er til hér að framan, 193. mgr., og *Ibrahim o.fl.*, sem vísað er til hér að framan, 307-311. mgr.). Dómstólar fundu síðan kæranda sekan á grundvelli þátttöku hans og aðkomu að ákvarðanatökunni, sem var meðal þerra mála sem rædd voru við umrædda skýrslutöku, þar sem niðurstaðan var sú að kærandi, ásamt öðrum mönnum, hefði borið ábyrgð á veitingu umræddra lána í trássi við innri reglur bankans og án þess að tryggja hagsmuni bankans með viðhlítandi hætti. Við þessar aðstæður, og í ljósi flókins og fjárhagslegs eðlis ákæranna, sem vörðuðu við lög þar sem ólögmaeti og refsíábyrgð eru ekki alltaf klippt og skorin, er ekki unnt að ákvarða með greiðum hætti hvort svör kæranda við skýrslutökuna hafi falið í sér ummæli sem bentu með beinum hætti til sektar hans. Dómstóll minnr hins vegar á að rétturinn sem veitir vernd gegn því að skapa sjálfum sér refsíábyrgð takmarkast ekki við beinar játningar eða við ummæli sem leiða með beinum hætti til refsíábyrgðar; til þess að ummæli geti talist gefa vísbendingu um sök nægir að þau hafi haft veruleg áhrif á stöðu sakbornings (sjá *Beuze*, sem vísað er til hér að framan, 178. mgr.). Enn fremur, sem er mikilvægt, má dómstóllinn ekki missa sjónar af þeirri staðreynd að ákærvaldið hafði hlustað símtöl kæranda í meira en

tvo mánuði fyrir skýrslutökuna 14. maí 2010, meðal annars í tengslum við Holt rannsóknina – sjálfa rannsóknina sem varð síðar grundvöllurinn að sakamálinu gegn kæranda. Ríkið hefur haldið því fram að tilgangurinn með þessu leynilega eftirliti sem haft var með kæranda fyrir skýrslutökuna af honum 14. maí 2010 hafi m.a. verið sá að leggja grundvöllinn að umfangi og efni skýrslutökunnar af honum. Í ljósi þeirra ströngu viðmiða sem gilda um eftirlit við þessar aðstæður telur dómstóllinn að ríkinu hafi ekki tekist að sýna fram á með sannfærandi hætti að þessar rannsóknaraðgerðir, virtar í heild sinni, hafi ekki grafið undan heildarsanngirni málsmeðferðarinnar á hendur kæranda þegar litið er til eðlis og umfangs ákæranna á hendur honum og þeirra tilteknu aðstæðna sem lýst er hér að framan.

59. Enn fremur gerði kærandi athugasemdir við það, að minnsta kosti fyrir Hæstarétti (sjá 37. mgr. hér að framan), að skýrsla hefði verið tekin af honum sem vitni þegar hann lá þegar undir grun um refsiverð brot, sem ráða mætti af hlustun símtala hans frá því í mars 2014. Taldi hann að sú málsástæða hefði átt að leiða til frávisunar ákæranna. Hæstiréttur Íslands fjallaði hins vegar ekki um þetta tiltekna álitafni í dómi sínum. Kæranda var því ekki gefinn möguleiki á að ná fram úrbótum á aðstæðum sem voru andstæðar kröfum mannréttindasáttmálans (sjá *Türk gegn Tyrklandi*, nr. 22744/07, 54. mgr., 5. september 2017, og *Mehmet Zeki Çelebi gegn Tyrklandi*, nr. 27582/07, 51. mgr., 28. janúar 2020). Við mat sitt getur dómstóllinn þannig ekki stuðst við mat hinna innlendu dómstóla varðandi hvort og að hvaða marki þessar tilteknu aðstæður, sem uppi voru við skýrslutökuna af kæranda, höfðu áhrif á sanngirni réttarhaldsins yfir honum (sjá *Akdağ*, sem vísað er til hér að framan, 68. mgr., sbr. *Doyle gegn Írlandi*, nr. 51979/17, 94.-95. mgr. og 101. mgr., 23. maí 2019).

60. Eins og skýrt er hér að framan beitir dómstóllinn ítarlegri rannsókn í þessu máli, þannig að ríkinu er skylt að sýna fram á með sannfærandi hætti að heildarsanngirni réttarhaldanna yfir kæranda hafi ekki verið spillt með óbætanlegum hætti með því að látið hafi verið undir höfuð leggjast að upplýsa hann um sakargiftirnar gegn honum og með töfunum á aðgengi hans að lögfræðiaðstoð. Í ljósi framangreinds telst ríkið ekki hafa uppfyllt þessa skyldu (sjá *Sitnevskiy og Chaykovskiy*, sem vísað er til hér að framan, 86. mgr.). Þannig hefur verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. og a- og c-liðum 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans,

GILDI 41. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

61. 41. gr. mannréttindasáttmálans er svohljóðandi:

„Dómurinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.“

A. Bætur

62. Kærandi krafðist ekki skaðabóta en krafðist miskabóta að mati dómstólsins.

63. Ríkið taldi að niðurstaða um brot myndi ein og sér teljast fullnægjandi bætur varðandi hvers kyns miska.

64. Með hliðsjón af sérstökum málavöxtum þessa máls fellst dómstóllinn á það með ríkinu varðandi miskabætur að niðurstaða um brot gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans teljist ein og sér sanngjarnar bætur. Dómstóllinn getur þess enn fremur að það kemur í hlut ríkisins að velja, undir eftirliti ráðherranefndarinnar, hinar almennu og/eða, eftir atvikum, sértæku ráðstafanir sem gripið verður til í íslenskum rétti í því skyni að binda enda á brotið eða brotin sem dómstóllinn komst að niðurstöðu um og bæta úr afleiðingunum eftir því sem unnt er. Í þessu sambandi bendir dómstóllinn á að í 228. og 232. gr. laga um meðferð sakamála er kveðið svo á að Endurupptökudómur geti að uppfylltum tilteknum skilyrðum mælt fyrir um endurupptöku sakamáls sem endanlega hefur verið dæmt í Landsrétti eða Hæstarétti (sjá, að breyttu breytanda, *Ibrahim o.fl. gegn Bretlandi* [GC], sem vísað er til hér að framan, 315. mgr., 30. september 2016, og *Ramos Nunes de Carvalho E Sá gegn Portúgal* [GC], nr. 55391/13 ásamt tveimur öðrum dómum, 222. mgr., 6. nóvember 2018). Í þessu sambandi leggur dómstóllinn áherslu á mikilvægi þess að tryggja að fyrir hendi séu innlend úrræði til endurupptöku máls í ljósi niðurstöðu um að brotið hafi verið gegn 6. gr. mannréttindasáttmálans. Eins og dómstóllinn hefur áður lagt áherslu á má líta á slík úrræði sem mikilvægan þátt í fullnustu dóma dómstólsins og tilvist þeirra er til marks um skuldbindingu samningsríkis gagnvart mannréttindasáttmálanum og dómafordæmum mannréttindadómstólsins (*Moreira Ferreira gegn Portúgal (nr. 2)* [GC], nr. 19867/12, 99. mgr., 11. júlí 2017).

B. Kostnaður og útgjöld

65. Kærandi krafðist 30.812.295 íslenskra króna (kr.) í málskostnað sem til stofnaðist vegna hinnar innlendu málsmeðferðarinnar, svo og bóta vegna kostnaðar sem til stofnaðist við málsmeðferðina fyrir mannréttindadómstólnum að mati dómstólsins. Kærandi lagði ekki fram neina reikninga til sönnunar því að hann hefði orðið fyrir kostnaði af innlendu málsmeðferðinni eða málsmeðferðinni fyrir mannréttindadómstólnum en vísaði einungis til úrskurðar Hæstaréttar varðandi málskostnað fyrir hinum innlendu dómstólum, þar sem honum var gert að greiða málskostnaðinn sem hann varð fyrir vegna málsmeðferðarinnar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, sem nam 25.232.295 kr. í fyrra tilvikinu og 5.580.000 kr. í hinu síðara.

66. Að því er varðar málskostnað fyrir hinum innlendu dómstólum vefengdi ríkið ekki fjárhæðina sem krafist var í málskostnað sem kærandi

varð fyrir, en taldi að fjárhæð kröfunnar bæri að lækka verulega. Að því er varðar kostnaðinn fyrir dómstólnum mótmælti ríkið kröfunni og benti á að engir reikningar hefðu verið lagðir fram.

67. Samkvæmt dómaframkvæmd dómstólsins á kærandi aðeins rétt á endurgreiðslu kostnaðar og útgjalda að því marki sem sýnt þykir að til þeirra hafi í raun og óhjákvæmilega verið stofnað og að fjárhæð þeirra sé hæfileg. Með hliðsjón af þessum viðmiðum og skortinum á gögnum um að kærandi hafi orðið fyrir kostnaði vegna málsmeðferðarinnar fyrir dómstólnum vísar dómstóllinn frá kröfunni um málskostnað í því tilliti. Að því er varðar kröfuna um málskostnað í tengslum við hina innlendu málsmeðferð er dómstólnum ómögulegt að fullvissa sig, í ljósi þess að engir reikningar hafa verið lagðir fram og með hliðsjón af því að dómstóllinn komst einungis að niðurstöðu um brot vegna eins af þeim fimm kærliðum sem kærandi lagði fram, hvort kostnaðurinn hafi í raun verið greiddur af kæranda og að hvaða marki til kostnaðar hafi stofnast í því skyni að koma í veg fyrir brotið sem komist var að niðurstöðu um eða bæta úr því. Því vísar dómstóllinn þessari kröfu einnig frá.

AF ÞESSUM SÖKUM HEFUR DÓMSTÓLLINN KOMIST AÐ ÞEIRRI EINRÓMA NIÐURSTÖÐU

1. að kæran sé tæk til meðferðar,
2. að ekki hafi verið um að ræða brot gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans að því er varðar kröfuna um sjálfstæðan og óhlutdrægan dómstól,
3. að brotið hafi verið gegn 1. mgr. og a- og c-liði 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans,
4. að vísa frá kröfu kæranda um sanngjarnar bætur.

Gert á ensku og tilkynnt skriflega hinn 15. mars 2022 í samræmi við 2. og 3. mgr. 77. gr. reglna dómstólsins.

Milan Blaško
ritari

Georges Ravarani
forseti